

L Ö G

20

10. apríl

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neytluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neytlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

21

12. apríl

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1942 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum:

I. Innborganir:				Áætlun kr.	Reikningur kr.
1. Tekjur samkv.	2. gr.	fjárl.		kr. 19 105 000.00	kr. 73 978 812.46
2. —	—	3. — A.		— 3 718 750.00	— 11 693 325.88
3. —	—	3. — B.		— 8 925.00	— 3 431.91
4. —	—	4. —		— 361 736.00	— 461 886.85
5. —	—	5. —		— 50 000.00	— 598 688.59
6. Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárl.	..	— 554 503.00	— 33 370 208.05
Greiðslujöfnuður				— 2 234 232.00	
				Kr. 26 033 146.00	Kr. 120 106 353.74

21		II. Útborganir:					Áætlun kr.	Reikningur kr
10. apríl	1. Gjöld	samkv.	7. gr.	fjárl.		kr.	1 613 443.00	kr. 1 439 391.49
	2. —	—	8. —	—		—	75 000.00	— 176 307.68
	3. —	—	9. —	—		—	357 420.00	— 1 643 043.21
	4. —	—	10. —	—		—	865 530.00	— 1 443 274.88
	5. —	—	11. —	A. —		—	1 865 400.00	— 4 399 307.11
	6. —	—	11. —	B. —		—	433 000.00	— 1 114 594.81
	7. —	—	12. —	—		—	848 950.00	— 1 201 054.44
	8. —	—	13. —	A. —		—	2 566 352.00	— 6 790 886.31
	9. —	—	13. —	B. —		—	558 300.00	— 3 230 004.13
	10. —	—	13. —	C. —		—	1 229 400.00	— 1 361 607.52
	11. —	—	13. —	D. —		—	38 000.00	— 83 800.00
	12. —	—	14. —	A. —		—	463 100.00	— 890 392.36
	13. —	—	14. —	B. —		—	2 411 391.00	— 4 755 156.45
	14. —	—	15. —	—		—	374 710.00	— 790 837.28
	15. —	—	16. —	—		—	4 981 250.00	— 30 860 282.73
	16. —	—	17. —	—		—	3 099 250.00	— 4 529 019.66
	17. —	—	18. —	—		—	368 100.00	— 352 874.76
	18. —	—	19. —	—		—	1 900 000.00	— 11 050 523.57
	19. Eignahreyfingar	samkv.	20. gr.	fjárl.	..	—	1 984 550.00	— 36 108 027.04
			Greiðslujöfnuður					— 7 885 968.31
							Kr. 26 033 146.00	Kr. 120 106 353.74

Gjört í Reykjavík, 10. apríl 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

22

10. apríl

L Ö G

um skólakerfi og fræðsluskyldu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.

2. gr.

Skólakerfið skiptist í þessi fjögur stig: 1. barnafræðslustig, 2. gagnfræðastig, 3. menntaskóla- og sérskólastig, 4. háskólastig.

Á barnafræðslustiginu eru barnskólar. Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar. Á menntaskóla- og sérskólastiginu eru menntaskólar og sérskólar. Á háskólastiginu er háskóli.

3. gr.

Barnaskólar eru fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.